

Nr. 17

26. ágúst 2022

AUGLÝSING

**um breytingu á samstarfsríkissamningi við
Veðurgervhannattastofnun Evrópu (EUMETSAT).**

Breyting, sem gerð var í Darmstadt 24. júní 2010 og Reykjavík 29. júní 2010, á samstarfsríkissamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Veðurgervhannattastofnunar Evrópu (EUMETSAT) sem gerður var í Reykjavík 12. desember 2005, öðlaðist gildi 7. febrúar 2011, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/2006, þar sem samningurinn er birtur.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningu kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**BREYTING
Á SAMSTARFSRÍKISSAMNINGI
MILLI
VEÐURGERVIHNATTASTOFNUNAR EVRÓPU (EUMETSAT)
OG
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS**

Veðurgervhannattastofnun Evrópu, stofnuð með samningi sem lagður var fram til undirritunar í Genf 24. maí 1983 og öðlaðist gildi 19. júní 1986, eins og honum var breytt með breytingaviðauka sem fylgir ályktun ráðsins EUM/C/Res. XXXVI er öðlaðist gildi 19. nóvember 2000 (hér á eftir nefnd „EUMETSAT“), með framkvæmdastjórn sem sinn fulltrúa

og

ríkisstjórn Íslands, með umhverfisráðherra sem sinn fulltrúa,

sem minnast samstarfsríkissamnings milli EUMETSAT og ríkisstjónar Íslands, sem var undirritaður hinn 12. desember 2005 og öðlaðist gildi hinn 12. apríl 2006 að loknu innlendu fullgildingarferli (hér á eftir nefndur „samningurinn“),

sem minnast þess að skv. 7. gr. fyrnefnds samnings skal hann gilda fram til 31. desember 2010 og að á þriðja ári gildistíma samningsins verði samstarfið tekið til formlegrar endurskoðunar með það í huga að Ísland gerist fullgilt aðildarríki að EUMETSAT,

sem taka tillit til mjög árangursríks samstarf milli EUMETSAT og ríkisstjónar Íslands á samningstímanum,

sem hafa í huga að unnið er stig af stigi að undirbúningi þess að Ísland gerist fullgilt aðildarríki að EUMETSAT og að gert er ráð fyrir að aðildarferlinu verði lokið eigi síðar en 1. janúar 2012,

sem minnast þess að samningurinn fellur úr gildi hinn 31. desember 2010,

sem taka tillit til þess að skv. 8. gr. fyrnefnds samnings er heimilt að breyta honum með skriflegu samkomulagi milli samningsaðilanna.

sem vilja gera ráð fyrir að ákvæði samningsins haldi gildi sínu á tímabilinu frá því að samningurinn fellur úr gildi og fram til þess að Ísland gerist fullgilt aðildarríki að EUMETSAT,

hafa sammælst um að gera eftirfarandi breytingar á samningnum:

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samningsins verði svohljóðandi:

„1. Þessi samningur er háður staðfestingu Íslands samkvæmt íslenskum lögum og tekur gildi við móttöku EUMETSAT á formlegri tilkynningu um staðfestingu. Samningurinn gildir til 31. desember 2012, nema Ísland gerist fullgilt aðildarríki að EUMETSAT fyrir þann dag.“

2. gr.

Öll önnur ákvæði samningsins halda lögmæti sínu og gildi áfram.

3. gr.

Þessi breyting á samningnum (hér á eftir nefnd „breytingin“) er háð fullgildingu ríkisstjórnar Íslands samkvæmt íslenskum lögum og tekur gildi við móttöku EUMETSAT á formlegri tilkynningu um fullgildingu.

Nr. 17

26. ágúst 2022

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þessa breytingu.

Gjört og undirritað í tveimur frumeintökum á ensku, einu fyrir hvorn að þessari breytingu.

Í Reykjavík

Hinn 29. júní 2010

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

Svandís Svavarsdóttir

.....
Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra

Í Darmstadt

Hinn 24. júní 2010

fyrir hönd EUMETSAT

LP Prahm

.....
Dr. Lars Prahm
framkvæmdastjóri

**AMENDMENT
TO THE COOPERATING STATE AGREEMENT
BETWEEN
THE EUROPEAN ORGANISATION FOR THE
EXPLOITATION OF
METEOROLOGICAL SATELLITES (EUMETSAT)
AND
THE GOVERNMENT OF ICELAND**

The European Organisation for the Exploitation of Meteorological Satellites, established by the Convention opened for signature in Geneva on 24 May 1983 and entered into force on 19 June 1986, as amended by the Amending Protocol attached to Council Resolution EUM/C/Res. XXXVI, which entered into force on 19 November 2000 (hereinafter referred to as “EUMETSAT”), represented by the Director-General,

and

The Government of Iceland, represented by the Minister for the Environment,

RECALLING the Cooperating State Agreement between EUMETSAT and the Government of Iceland, signed on 12 December 2005 and entered into force on 12 April 2006 following completion of its national ratification process (hereinafter referred to as “the Agreement”),

RECALLING that Article 7 of the above mentioned Agreement establishes that the Agreement shall remain in force until 31 December 2010, and that it requires, during the third year following the entry into force of this Agreement, a formal review of the cooperation in view of a possible accession by Iceland to EUMETSAT as a full Member State,

TAKING INTO ACCOUNT the very fruitful cooperation between EUMETSAT and the Government of Iceland during the period covered by the Agreement,

BEARING IN MIND that the required steps for the accession of the Government of Iceland to EUMETSAT as a full Member State are being followed and that the process is expected to be finalised by 1 January 2012,

RECALLING that the Agreement will expire on 31 December 2010,

TAKING INTO ACCOUNT that Article 8 of the above mentioned Agreement establishes that the Agreement may be amended by written agreement between the Parties,

WISHING to provide for coverage of the period between expiry of the Agreement and the full accession of Iceland as a EUMETSAT Member State,

HAVE AGREED TO AMEND THE AGREEMENT AS FOLLOWS:

Article 1

Article 7, paragraph 1 of the Agreement shall read as follows:

- “1. This Agreement is subject to acceptance by Iceland according to its national legislation and shall enter into force on the date of receipt by EUMETSAT of the formal notification of acceptance. This Agreement shall remain in force until 31 December 2012, unless Iceland becomes a full Member State of EUMETSAT earlier”

Article 2

All other provisions of the Agreement remain valid and in force.

Nr. 17

26. ágúst 2022

Article 3

This amendment to the Agreement (hereinafter referred to as “the Amendment”) is subject to ratification by the Government of Iceland according to its national legislation and shall enter into force on the day of receipt by EUMETSAT of the formal notification of ratification.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned being duly authorised, have signed this Amendment.

Done and signed in two originals in English, one for each Party to this Amendment.

In Reykjavík

On 29 June 2010

for the Government of Iceland

Svandís Svavarsdóttir

.....
Svandís Svavarsdóttir
Minister for the Environment

In Darmstadt

On 24 June 2010

for EUMETSAT

LP Prahm

.....
Dr. Lars Prahm
Director-General

C-deild – Útgáfudagur: 13. febrúar 2023